

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 260/2003, um upplýsingaskyldu seljenda nýrra fólksbifreiða varðandi eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs.

#### 1. gr.

5. gr. orðist svo:

#### *Veggspjald/sjónvarpsskjár.*

Fyrir hverja bifreiðategund sem er sýnd eða boðin til sölu á sölustað eða í umboði sölustaðar skal komið fyrir veggspjöldum eða sjónvarpsskjá með lista yfir eldsneytiseyðslu og losun koldíoxíðs allra nýrra fólksbifreiða.

Veggspjald eða sjónvarpsskjár skal a.m.k. vera 70 cm x 50 cm að stærð og skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði, sbr. 4. gr. og III. viðauka tilskipunar 1999/94/EB, svo sem honum var breytt með tilskipun 2003/73/EB:

1. flokkun undirtegunda eftir eldsneytistegund. Undir hverri eldsneytistegund eru undirtegundir flokkaðar eftir aukinni losun koldíoxíðs og er sú undirtegund sem hefur lægstu eldsneytiseyðslu höfð efst á listanum;
2. fyrir hverja undirtegund skal tilgreina talnagildi eldsneytiseyðslu og losunar koldíoxíðs, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Eldsneytiseyðsla skal annað hvort gefin upp í lítrum á hverja 100 km (l/100 km), kílómetrum á hvern lítra (km/l) eða víðeigandi samsetningu af þessu, gefin upp með einum aukastaf. Losun koldíoxíðs skal tiltekin í grömmum á hvern kílómetra (g/km), námunduð við næstu heilu tölu;
3. innihalda eftirfarandi texta: „Yfirlit yfir eldsneytiseyðslu og losun koldíoxíðs með upplýsingum um allar nýjar tegundir fólksbifreiða fæst án endurgjalds á öllum sölustöðum.“ og „Auk eldsneytisnýtni bifreiðar hafa aksturslag og aðrir þættir almenns eðlis áhrif á eldsneytiseyðslu bifreiðar og losun koldíoxíðs frá henni. Koldíoxíð er sú gróðurhúsalofttegund sem stuðlar einna helst að hnattrænni hlýnun.“

Upplýsingar á veggspjaldi eða sjónvarpsskjá skulu uppfærðar a.m.k. á sex mánaða fresti. Milli uppfærslna skal nýjum bifreiðum bætt neðst á listann.

Veggspjaldi eða sjónvarpsskjá skal komið fyrir á áberandi stað og skal vera auðvelt aflestrar. Aðrar merkingar, tákni eða áletranir í tengslum við eldsneytiseyðslu eða losun koldíoxíðs sem samræmast ekki ákvæðum greinarinnar og hætta er á að villi um fyrir hugsanlegum kaupendum nýrra fólksbifreiða eru bannaðar.

Heimilt er að nota rafrænan skjá með flettitækni í stað veggspjalds eða sjónvarpsskjás, enda uppfylli hann eftirfarandi skilyrði:

1. skjárinn sé a.m.k. 25 cm x 32 cm (17 tommur) og jafn áberandi og veggspjald eða sjónvarpsskjár;
2. birti þær upplýsingar sem kveðið er á um í 1. og 2. tölul. 2. mgr. og birti stöðugt þá texta sem kveðið er á um í 3. tölul. 2. mgr.;
3. upplýsingar um eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs skulu a.m.k. uppfærðar á þriggja mánaða fresti.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 72/1994 um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl. og með hliðsjón af tilskipun 2003/73/EB. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 15. nóvember 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*